

Nd.

125. Frumvarp til laga

[77. mál]

um breyting á og viðauka við lög nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Sigurðsson, Jón Gíslason, Skúli Guðmundsson.

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Meðan innflutningur og gjaldeyrisleyfi er háð ákvörðun ríkisvaldsins, skal úthlutunarnefnd jeppabifreiða, sem um ræðir í 2. gr., einnig úthluta til bænda þeim heimilisdráttarvélum, sem til landsins eru fluttar.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi 6 nýjar gr., svo hljóðandi:

- a. (13. gr.) Stjórnir hreppabúnaðarfélaganna skulu í októbermánuði ár hvert gera skrá yfir þær heimilisdráttarvélar, sem eru í eigu manna á félagssvæðinu. Skal þar tilgreina tölu, tegund og eigendur þessara véla. Enn fremur ber stjórnnum búnaðarfélaganna að taka á móti umsóknum bænda um heimilisdráttarvélar, hver af sínu félagssvæði, og fer með þær eins og fyrir er mælt í 5. gr., eftir því sem við á.

Skýrslur þessar ásamt umsóknum bænda um dráttarvélar skulu komnar til úthlutunarnefndar fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert.

- b. (14. gr.) Innflutningsyfirvöldin ákveða tölu þeirra heimilisdráttarvéla, sem leyft er að flytja til landsins, og tilkynna það úthlutunarnefndinni, sem síðan skiptir þeim dráttarvélum milli umsækjenda. En ákvörðun um það, hvaða faanlegar vélategundir eru fluttar inn, er á valdi þeirra einstaklinga, sem fá úthlutað vélum frá nefndinni, sbr. 18. gr.

Við skiptin skal nefndin hafa hliðsjón af þeim skýrslum, er fyrir liggja. Hún skal taka tillit til þess, hve margar dráttarvélar og jeppar, sem notaðir eru til landbúnaðarstarfa, eru á félagssvæðinu.

- c. (15. gr.) Óheimilt er fyrst um sinn að úthluta heimilisdráttarvél til einstaklings, sem áður hefur fengið slíka vél eða á hana í nothæfu ástandi. Sama gildir, ef hann á jeppabifreið og hefur fengið undanþágu frá bifreiðaskatti.
- d. (16. gr.) Nú fær einhver úthlutað dráttarvél og einhverra orsaka vegna kaupir hana ekki á því ári, sem leyfið er veitt fyrir. Skal hann þá tilkynna það úthlutunarnefnd, sem þá úthlutar vélinni til annars umsækjanda innan sama búnaðarfélags.

Ekki má eigandi dráttarvélar selja hana, nema með samþykki stjórnar búnaðarfélags, þar sem hann er búsettur.

- e. (17. gr.) Að skiptum loknum tilkynnir nefndin hlutaðeigandi umsækjendum úthlutun vélanna.
- f. (18. gr.) Sá, sem tilkynningu fær um úthlutun dráttarvélar, skal afhenda tilkynninguna þeim innflytjanda, er flytur inn þá dráttarvélategund, er hann óskar að fá. Innflytjandinn afhendir svo þær tilkynningar, sem honum hafa borizt, þeim valdhafa, er gjaldeyri úthlutar, og skal eiga rétt á gjaldeyrisleyfi samkvæmt því. Enn fremur skulu gjaldeyrisyfirvöldin kosta kapps um að veita innflytjendum gjaldeyrisleyfi fyrir nauðsynlegum verkfærum og varahlutum tilheyrandi dráttarvélunum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal meginmál þeirra fært inn í lög nr. 43 frá 23. maí 1949 og lögin gefin út samkvæmt því í einu lagi með fyrirsögninni: Lög um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla.

Greinargerð.

Með lögum nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., var ákveðið að stofna sérstaka nefnd, er hefði með höndum úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa. Er nefndin skipuð fimm mönnum. Tveir þeirra eru tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands, tveir af stjórn stéttar-sambands bænda og einn kosinn af landbúnaðarnefndum Alþingis.

Síðan nefnd þessi var sett á stofn, hefur ekkert verið flutt til landsins af jeppabifreiðum og nefndin því ekkert verkefni haft við úthlutun þeirra. En samkv. 12. gr. nefndra laga er heimilt að fela nefndinni úthlutun á dráttarvélum til landbúnaðarþarfa, og hefur nefndin haft slíka úthlutun með höndum árið 1949 og 1950.

Fyrir skömmu mun fjárhagsráð hafa ákveðið að veita innflutningsleyfi fyrir nokkrum heimilisdráttarvélum, og hefur n. ákveðið, hverjir af þeim bændum, sem hafa sent umsókn um kaup á vélum, skuli fá þær að þessu sinni. En verkefni nefndarinnar er ekki þar með lokið. Fjárhagsráð ákveður, hve margar vélar af hverri tegund eru keyptar til landsins, og mun svo nefndinni ætlað að úrskurða um það, hvaða vélategund hver bóndi fær að kaupa.

Dráttarvélar, sem leyft er að flytja til landsins, eru misjafnar hvað gæði og verð snertir, og skoðanir bænda eru skiptar um það, hvaða vélategund sé heppilegast að kaupa. Einn bóndi vill fá þessa vélategund og annar hina. En með því fyrirkomulagi, sem nú er á úthlutun vélanna, eru bændur sviptir ákvörðunarrétti um það, hvaða vélategund þeir kaupa. Þetta er óviðunandi með öllu. Þegar hægt er að fá fleiri en eina tegund af vélum, á hver bóndi, sem fær leyfi til kaupa á heimilisdráttarvél, sjálfur að ráða því, hvaða vélategund hann kaupir.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að úthlutunarnefnd jeppabifreiða hafi ekki aðeins heimild til að úthluta heimilisdráttarvélum, heldur sé henni skylt að gera það og fylgja þeim reglum, sem frumvarp þetta felur í sér.

Á meðan innflutningur heimilisdráttarvéla er mjög takmarkaður og tiltölulega fáir, sem eiga þannig tæki, er mjög nauðsynlegt að haga úthlutun vélanna á þann hátt, að sem flestir geti notið þeirra.

Landbúnaðurinn byggist fyrst og fremst á aukinni og bættri ræktun. Það er þess vegna ekki síður nauðsyn þjóðarheildarinnar en bændanna, að úthlutun og dreifing heimilisdráttarvéla sé fyrst og frenst byggð á þeim verkefnum, sem fyrir liggja, og að engar sveitir séu alveg án þessara tækja. Séu upplýsingarnar frá stjórnunum hreppabúnaðarfélaganna glöggar, hefur úthlutunarnefndin góðan grundvöll til að byggja á og dreifa vélunum jafnt eftir þörfum.

Á meðan ekki er til nein stofnun hér á landi, sem sannreynir gæði dráttarvéla, þá liggur það í hlutarins eðli, að bændum á að vera tryggður réttur til að fá þá dráttarvélategund, sem þeir óska eftir.

Með frumvarpi þessu er reynt að tryggja þetta, og verður framkvæmdinni þá hagað þannig, að innflutningsyfirvöldin tilkynna úthlutunarnefndinni, hvað margar dráttarvélar verði leyft að flytja til landsins á hverjum tíma, og nefndin úthlutar þeim vélum til umsækjenda samkvæmt ákvæðum laganna. Eftir að nefndin hefur sent viðkomandi bændum tilkynningu um, að þeir fái leyfi til kaupa á vélum, sendir hver bóndi tilkynningu um það, hvaða vélategund hann óskar að kaupa, og skal þá úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir vélunum hagað í samræmi við það.

Með þessum ákvæðum, ef samþykkt verða, er það tryggt, að bændur geti sjálfir ráðið því, hvaða tegundir þeir kaupa af þeim dráttarvélum, sem fánlegar eru, jafnframt því sem starf úthlutunarnefndarinnar verður miklu auðveldara og formfastara en verið hefur.